

REGLUR

um breyting á reglum nr. 229 30. apríl 1981, um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sem skrásett eru erlendis, sbr. reglur nr. 548 2. september 1982.

1. gr.

Í stað 2% í 1. másl. og 6% í 2. másl. 5. gr. regnanna komi 0,7% og 2,1%.

2. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, er verði 11. gr., jafnframt því sem röð annarra greina breytist til samræmis. Greinin orðist svo:

Reglur þessar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem keyptar eru hér á landi og skráðar samkvæmt reglum nr. 246/1975, þar á meðal gjaldtaka skv. 1. mgr. 5. gr.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 1., sbr. 2. mgr. 10. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 114 16. febrúar 1984 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 17. október 1986.

F. h. r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

9. október 1986

Nr. 437

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. október 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðlaugar Bjargar Pálsdóttur. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins og markmið er að styrkja Kór Langholtskirkju, nnr. 5687-1012, til tónleikahalds í Langholtskirkju. Undir þetta markmið sjóðsins fellur m. a. árlegur flutningur á kantötu eða messu í almennri guðsþjónustu í Langholtskirkju svo og námskeiðahald.